



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is



Samantekt, **júní 2018**. Nánari upplýsingar og upphaflegar fréttir er hægt að nálgast á vefsíðu kaupstaðarins, www.sfk.is

Smíðavöllur fyrir krakka hófst í byrjun júlí. Umsjón með honum er í höndum áhaldahússins.

Auglýst var eftir nýjum *bæjarstjóra* þann 14. júní. Alls bárust 12 umsóknir, en ein var dregin til baka.

Skaftfell menningarmiðstöð - í sumar eru liðin 20 ár frá stofnun Skaftfells. Sumarsýning Skaftfells, K A P A L L, opnaði í sýningarsalnum 16. júní.

Þjóðhátíðardagur, 17. júní – krakkablak Hugins, í samstarfi við Seyðisfjarðarkaupstað, sá um hátíðardagskrá. Fjallkona 2018 var Julia Martin.

Lögregluvarðstjóri – Jens Hilmarsson hefur verið ráðinn lögregluvarðstjóri á Seyðisfirði. Til að ná í lögreglu er best að hringa í 1-1-2 og annað hvort fá beint samband við Jens eða biðja fyrir skilaboð.

Sveitarstjórnarmál

Umhverfismat vegna ofanflóðavarna við Bjólf.

Á fundi bæjarstjórnar þann 6. júní sl. samþykkti bæjarstjórn samhljóða að óska eftir við Ofanflóðasjóð að þegar að skýrsla vegna frumathugana undir Bjólfi liggur fyrir verði hafist handa við mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Á fundi bæjarráðs í vikunni var kynnt jákvætt svar Ofanflóðasjóðs við beiðninni.

Fjarðarheiðargöng

Bæjarstjórn samþykkti 6. júní sl. eftirfarandi áskorun til samgönguyfirvalda um Fjarðarheiðargöng. „Bæjarstjórn Seyðisfjarðar skorar á samgönguráðherra, ríkisstjórn og Alþingi að fylgja eftir undirbúningi að Fjarðarheiðargöngum og síðan framkvæmdum við þau samkvæmt gildandi samgönguáætlun. Jafnframt að tímasetja og ákveða framlög til Fjarðarheiðarganga í samgönguáætlun sem lögð verður fram og samþykkt á komandi vetri. Þá verði verkefnið haft til hliðsjónar við endurskoðun fjármálaáætlunar 2019.

Nú þegar Dýrafjarðargöngum er að verða lokið, er ekki eftir neinu að bíða með að ráðast í Fjarðarheiðargöng. Seyðisfjörður er eina byggðarlagið auk Borgarfjarðar eystri sem býr við þær aðstæður að yfir háa fjallvegi er að fara til að komast inn á almenna vegakerfið. Ástandið er algjörlega óásættanlegt. Vegurinn er hluti af beinni tengingu Íslands við Evrópu og því eru úrbætur með Fjarðarheiðargöngum mikið öryggismál, auk þess að að vera mikilvæg gátt fyrir ferðaþjónustuna á Íslandi.

Jarðfræðirannsóknir og rannsóknarboranir hafa farið fram og tillögur liggja fyrir um staðsetningu gangamunna. Unnar hafa verið áhættugreiningar fyrir 13,5 km jarðgöng af HOJ Consulting GmbH í Sviss. Yfirlitsskýrsla hefur verið unnin um mengun frá jarðgöngum með sérstöku tilliti til Fjarðarheiðarganga sem verður að hluta grundvöllur mats á umhverfisáhrifum. Unnin hefur verið hönnun vega utan jarðganga og brúar á Eyvindará.

Ákvörðun Alþingis liggur fyrir síðan 19. júní 2012 um að Fjarðarheiðargöng verði næst á eftir Dýrafjarðargöngum. Ályktanir Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, SSA, sl. ár hafa sýnt samstöðu sveitarstjórnarmanna á Austurlandi varðandi Fjarðarheiðargöng.

Verkefnið fer vel saman við yfirlýsingar ríkisstjórnar og áform um uppbyggingu innviða í landinu. Þá bendir bæjarstjórn Seyðisfjarðar á að verkefnið er utan þeirra svæða landsins þar sem þensla ríkir og ætti því ekki að vera til þess fallið að raska efnahagslegu jafnvægi á nokkurn máta.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar vill því enn og aftur hvetja samgönguráðherra, ríkisstjórn og Alþingi til að líta á þær staðreyndir sem liggja fyrir um undirbúning Fjarðarheiðarganga og láta verkin tala”.

Nýkjörin bæjarstjórn

Nýkjörin bæjarstjórn tók við hjá Seyðisfjarðarkaupstað 11. júní sl. og hélt sinn fyrsta fund þann 23. júní. Kosið var í embætti bæjarstjórnar. Hildur Þórisdóttir L-lista var kosin forseti bæjarstjórnar, Elfa Hlín Pétursdóttir L-lista var kosin formaður bæjarráðs og Þórunn Hrund Óladóttir L-lista formaður hafnarmálaráðs. Kosið var í nefndir að undanskilinni ferða- og menningarnefnd og yfirkjörstjórn. Formenn nefnda eru Ágúst Torfi Magnússon L-lista formaður umhverfisnefndar, Rúnar Gunnarsson L-lista formaður atvinnu- og framtíðarmálanefndar, Ragnhildur Billa Árnadóttir L-lista formaður fræðslunefndar og Guðrún Ásta Tryggvadóttir L-lista formaður fræðslunefndar. Bæjarstjórn samþykkti að ráða Vilhjálm Jónsson áfram í starf bæjarstjóra tímabundið. Nánar um nefndir

<https://www.sfk.is/is/stjornsysla/fundagerdir/baejarstjorn/baejarstjorn-230618>

Frisbíggolfvöllur

Á fundi bæjarráðs 4. júlí kynnti Dagný Erla Ómarsdóttir hugmyndir og tillögu um að koma upp níu holu frisbíggolfvelli á Seyðisfirði. Bæjarráð tók jákvætt í tillögunum og var Dagnýju falið að vinna áfram af undirbúningi þess að koma upp frisbíggolfvelli.